

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 244/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

**Útveri h/f**

(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Er málið skyldi þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1981, varð útvíst af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 var héraðsdómi áfrýjað að nýju með stefnu 26. nóvember 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit á ensku máli af gerðardómi I. C. C. í máli áfrýjanda gegn Peacock Salt Limited, Glasgow, en niðurstaða gerðardóms þessa er sú, að varnaraðili, Peacock Salt Ltd., skuli bæta sóknaraðilja Guðbirni Guðjónssyni, tjón hans, en fjárhæð ekki ákveðin að svo stöddu.

Salt það, er áfrýjandi seldi stefnda, var keypt til notkunar sem fisksöltunarsalt, og var áfrýjanda það ljóst. Þegar saltið var fengið stefnda í hendur á Bakkafirði, sem var umsaminn afhendingarstaður, var það óhæft til þessara nota vegna koparmengunar, er veldur guluskemmdum í fiski. Í fiski þeim, sem saltaður var með saltinu frá áfrýjanda, komu fram guluskemmdir, sem rýrðu hann í verði. Telja verður, að á því tjóni stefnda beri áfrýjandi skaðabótaábyrgð samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, enda er

ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem samkvæmt nefndu ákvæði undanþiggi hann skaðabótaskyldu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ekki ágreiningur um fjárhæð bótaskrófu eða vaxtakrófu. Fyrir Hæstarétti lýstu lögmennt aðilja því yfir, að ekki væri heldur ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma, en dæmd fjárhæð nemur 87.017.00 nýkrónum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 20.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Útveri h/f, 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Reyjavíkur 19. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Útver h/f, Bakkafirði, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reyjavíkur með stefnu, framlagðri í dómi 11. janúar 1980, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Reykjavík.

Dómkröfur með (sic) stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 8.701.700 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi pantaði salt til fiskverkunar hjá stefnda,

og kom saltið til Bakkafjarðar með leiguskipinu Lady Vibeke í júní 1977. Stefnandi fékk 201.980 kg af farmi skipsins, en skipið kom hingað til lands með 1000 tonna saltfarm á vegum stefnda, og var saltinu skipað upp á nokkrum höfnum austanlands. Undir lok júlímánaðar 1977 komu í ljós guluskemmdir á fiski hjá stefnanda, og hafði fiskurinn verið verkaður í saltið, sem kom með leiguskipinu Lady Vibeke í júní, og stefndi hafði selt stefnanda. Þegar Lady Vibeke kom til Bakkafjarðar með saltfarminn, höfðu verið tekin sýni úr farminum um borð í skipinu. Þau sýni voru send til rannsóknar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar guluskemmdanna varð vart. Samkvæmt vottorði Geirs Arnesen hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem dagsett er 25. júlí 1977, voru gerðar koparákvarðanir á þessum sýnum (hjá stofnuninni). Þá voru þar einnig efnagreind á sama hátt sex saltsýni, sem Jóhann Guðmundsson, forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, tók í salthúsi Útvers h/f 20. júlí 1977. Í vottorðinu segir, að eftir koparákvörðunum að dæma sé salt þetta óhæft til söltunar á fiski vegna hættu á guluskemmdum. Kveðst Geir ráðleggja í þeirri von, að mögulegt sé að bjarga a. m. k. nokkru af þeim fiski, sem þegar hafi verið saltaður, að sá fiskur, sem enn hafi ekki gulnað, verði þvegin og saltaður aftur í stafla úr nýju, öruggu salti.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða bannaði þegar ráðstöfun á öllum fiski, sem komist hafði í snertingu við salt úr Lady Vibeke, og náði þetta bann til allra kaupenda salts úr farmi skipsins.

Með skeyti, dags. 21. júlí 1977, var stefnda gert kunnugt um, að saltið væri gallað og að stefnandi mundi reyna að bjarga fiskinum. Þá var stefnda tilkynnt, að hann yrði gerður ábyrgur fyrir tjóni kaupenda saltsins. Þann 27. júlí 1977 skrifar lögmaður stefnanda stefnda og ítrekar efni skeytisins. Jafnframt eru honum kynntar tillögur Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um að firra frekara tjóni. Þá er stefnda boðið að hirða ónýta saltið, en að öðrum kosti spurt, hvort hann samþykki að því verði hent. Þá er hann að því spurður, hvort hann hafi eitthvað við það að athuga, að reynt verði að bjarga fiskinum frá frekari skemmdum að tillögum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlitsins.

4. ágúst 1977 var gerð úttekt á saltfiski hjá stefnanda. Þá var lokið vöskun á öllum fiski sem saltaður hafði verið með koparmenguðu salti. Friðrik Höggærd fiskmatsmaður tók þátt í þessari úttekt af hálfu Útvegsbanka Íslands. Fram kom, að 45 tonn af fiskinum voru skemmd af kopargulu.

Það er óumdeilt í málinu, að saltið var koparmengað. Saltið hafði stefndi keypt hjá Peacock Salt Ltd. í Glasgow með kaupsamningi, dags. 3. 6. 1979. Í kaupsamningnum, sem fram kemur af dómskjali 17, segir í íslenskri þýðingu lögilts skjalapýðanda:

„Veggi, gólf og loft lesta ber að þrifa og hvítþvo vel þannig að fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst. Auk þess verði lestar fóðraðar með plasti og framkvæmi áhöfn skipsins það. Efni og uppsetningarkostnaður sé fyrir reikning kaupanda. Afskipendum heimilast að synja tilkynningu um að skipið sé tilbúið þar til þrif, hvítþvottur og fóðrun hefur verið framkvæmd á réttan hátt“.

Þá er ekki deilt um það, að koparmengunin hafi orðið í saltinu, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke í La Nouvelle í Frakklandi. Stefndi hafði gert leigusamning um skipið. Samningur sá er dags. 1. júní 1977, og segir í 15. gr. hans í íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda:

„Á kostnað skipsins ber að þvo lestarar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrifa, kalkþvo og gera tilbúið fyrir farm svo fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst, ella er afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun fyrr en lestar eru í því ástandi að farmurinn verði ekki fyrir skemmdum. Plastbúnaður og uppsetningarkostnaður eru fyrir reikning eigenda skipsins“.

Við útskipun saltsins í La Nouvelle var ekki farið eftir þessum ákvæðum. Í yfirlýsingu útskipenda í La Nouvelle, sem fram kemur á dómskjali nr. 18, segir skv. íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda:

„Comptoir languedocien de  
Transit et manutention

Port la Nouvelle, 3. júní 1977

Skipstjóri m.s. LADY VIBEKE,

í Port la Nouvelle.

Efni: Ferð Pourt la Nouvelle/Ísland

1.000 lestir af lauslestuðu salti.

Kæri skipstjóri,

Fyrir hönd afskipenda, Cie des Salins du Midi et des Salines de l'Est í Paris, verðum við að gera yður ábyrgan fyrir hverskyns skemmdum, sem orsakast hafa á farminum vegna þeirrar staðreyndar að ekki hefur verið breitt plast yfir lestargólfið og einnig með því vængir millipilfars hafa ekki verið kalkþvegnir eins og ákvæði voru um í skipaleigusamningnum.

Þess vegna verður að synja hverskyns kröfum viðtakenda á áfangastað og beina þeim að skipinu.

Virðingarfyllst,  
sign.

Móttekið  
skipstjóri“

Þrátt fyrir þetta bréf var farminum skipað út. Stefndi segir, að sér hafi ekki verið gert viðvart um þetta. Í telexskeyti, sem fram kemur í dóm skjali nr. 22, halda seljendur saltsins því fram, að stefnda hafi verið kynntur þessi ágreiningur þegar á hleðslutíma skipsins. Í telexskeyti á sama dóm skjali segist stefndi ekki muna til þess. Frekari gögn eru ekki hér um.

Stefndi hefur höfðað tvö gerðardómsmál, annars vegar gegn eigendum skipsins fyrir gerðardómi í Reykjavík og hins vegar gegn seljanda saltsins fyrir gerðardómi I. C. C., sem rekið er í Hollandi.

Úrslit eru fengin í fyrra gerðardómsmálinu, og varð niðurstaðan sú, að eigendur skipsins voru dæmdir til að greiða 75.785% af flutningskostnaði saltsins.

Síðara gerðardómsmálið varðar kaupverð saltsins, og er það enn ódæmt.

Stefnandi hefur greitt verð saltsins til stefnda, en hann hefur fengið annað salt í stað þess, og hefur endurgjald þess ekki verið innheimt. Stefnandi gerir því ekki hér kröfur vegna verðs saltsins sem slíks. Stefnandi fór að ráðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og var fiskurinn umsaltadur, og er talið, að tekist hafi að bjarga miklu, en þó hafi orðið verulegar skemmdir á fiski hjá stefnanda og einnig hafi hann haft ærinn kostnað af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að koma í veg fyrir frekara tjón. Honum tókst að selja fisk þann, er skemmdist, til Noregs fyrir allgott verð, og telur hann það hafa verulega dregið úr tjóninu.

Hér sækir stefnandi stefnda um meint tjón sitt af koparmengun saltsins. Hann sundurliðar tjón sinn á dóm skj. nr. 3. Það hljóðar svo:

„Tjón vegna koparmengaðs salts úr Lady Viebeke er kom 18. 6. 1977.

1. Vinnulaun:

a) Uppskipun skemmda saltsins .....	kr.	182.000,-
b) Skemmt salt flutt úr húsi 25,5 t á helgidagataxta 1008,- .....	—	25.704,-
c) Þvottur a fiski 26/7—10/8		
dv 1.520 t. á 560,- .....	—	851.200,-
ev 363,25 t. á 784,- .....	—	284.788,-
nv 56 t. á 1.008,- .....	—	56.448,-
2. Launatengd gjöld 47,2% .....	—	660.866,-
3. Lyftari 130 t. á 2.000,- .....	—	260.000,-
4. Dráttarvél (ámokstur) 100 t. á 2.500,- .....	—	250.000,-
5. Flutningur á fiskþvottavél sem lánuð var frá Hornafirði .....	—	58.100,-
6. Koparmengaða saltið .....	—	1.710.770,-
7. Verðryrningur á guluskemmdum fiski 43.660 kg. Meðalverð 1977 að frádregnu söluverði skemmda fisksins = 62,38 pr/kg .....	—	2.723.511,-

8. Aukinn sölukostnaður .....	—	200.802.-
9. Vaxtatap v. seinkunar á sölu afurða .....	—	115.449.-
10. Hafnargjöld Lady Vibeke .....	—	35.347.-
11. Ferða og dvalarkostnaður v. sölu guluskemmda fisksins til Noregs og v. útskip. ....	—	257.571.-
12. Magnrýrnun í fiski vegna þvottar á 165.400 kg á saltfiski skv. ráðleggingum Framleiðslueftirlits og Rannsóknarst. fiskiðn. 10% á meðalverði .....	—	5.351.848.-

Heildartjón kr. 13.088.394,-“

Verðrýrnunin skv. 7. tl. stýðst við dómskj. 30—32, en magnrýrnunin skv. 12. tl. við dómskj. 33.

Stefndi hefur samþykkt tölulega útreikning stefnanda samkvæmt 1.—5. tölulið á dómskjali nr. 3. Stefnandi hefur fallið frá 6. tölulið á dómskjali nr. 3. Stefndi hefur samþykkt tölulega 7.—11. tölulið á dómskjali nr. 3, og samkomulag hefur orðið á milli aðilja um, að stefnandi falli frá helmingi kröfu sinnar samkvæmt tölulið 12 og að stefndi falli frá tölulegum mót-mælum vegna þess liðar. Niðurstaða dómskjals nr. 3 breytist því þannig, að í stað 13.088.394 kr. kemur stefnufjárhæðin, 8.701.700 kr.

Stefnandi féllst á að biða átekta og fylgjast með framvindu gerðardóms-málanna, sem um er gerið hér að framan. Þegar niðurstaða var fengin úr fyrra málinu, framseldi stefndi váttryggingarfélagi útgerðarinnar, Assuransforeningin Skuld, meinta kröfu sína á hendur stefnanda gegn greiðslu á bótunum. Stefnandi hafði þegar greitt stefnda kaupverð gallaða saltsins, og þótti þegar hér var komið sögu ekki ástæða til að biða lengur með mála-rekstur. Stefndi neitar alfarið bótum.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi keypt saltið hjá stefnda. Það hafi verið haldið leyndum galla. Skaðlegir eiginleikar þess hafi valdið framleiðslutjóni hjá honum og saltið reynst honum ónýtt. Stefndi beri sem seljandi ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvörunnar og því tjóni, sem gallar á henni hafi valdið kaupandanum. Hann hafi í verki viðurkennt ábyrgð sína með að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Stefndi hafnar því algerlega, að stefndi geti gert hann ábyrgan fyrir skað- legum eiginleikum saltsins. Hann hafi ekki sýnt af sér nokkra vanrækslu í sambandi við sölu saltsins eða flutning þess. Upplýst sé, að saltið hafi mengast, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke. Stefndi hafi látið setja ákvæði í skipsleigusamning og kaupsamning saltsins, sem koma hefði átt í veg fyrir, að saltið gæti mengast í skipinu. Það hafi ekki verið sök stefnda að nauðsynlegar varúðarráðstafanir voru ekki gerðar. Bótakrafa verði því ekki byggð á grundvelli sakarreglu. Þá verði bótakrafa ekki byggð á hlut-

lægri bótaábyrgð, þar sem engin heimild sé til að beita slíkri ábyrgðarreglu í þessu máli. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi beint eða óbeint tekið á sig nokkra ábyrgð á skaðvænlegum eiginleikum vörunnar eða hann hafi í verki viðurkennt bótaábyrgð með því að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Við munnlegan flutning málsins benti hann á, að stefnandi hefði látið fyrirfarast að rannsaka sýni saltsins, sem tekin voru við uppskipun, áður en hann hóf að nota saltið. Þetta eigi að firra hann bótum, sbr. 47., gr, sbr. 51. gr. kauplaganna.

Stefnandi mótmælti þessari síðustu málsástæðu stefnda og benti á, að stefnandi hafði ekki aðstöðu til að efnagreina saltið. Hann hefði mátt treysta því, að saltið hefði þá eiginleika, sem fisksalt þurfi að hafa, en hann hefði pantað slíkt salt hjá stefnda.

#### *Álit dómsins.*

Í máli þessu er ekki lengur deilt um greiðslu kaupverðs saltsins.

Aðiljar eru um það sammála, að saltið hafi verið koparmengað og mengunin hafi gerst um borð í m/s Lady Vibeke. Þá er ekki um það deilt, að seljandi hafi vitað til hvers átti að nota saltið og að saltið hafi guluskemmt fisk stefnanda.

Samkvæmt 15. gr. tímabundna farmsamningsins milli stefnda og eigenda m/s Lady Vibeke var afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun, fyrr en lestarnar væru í því ástandi, að farmurinn yrði ekki fyrir skemmdum. Samkvæmt sama ákvæði taka eigendur skipsins að sér að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fódra með plasti) og þrifa, kalkþvo.

Samkv. dómskj. 18, yfirlýsing afskipenda, er ekki eftir þessu farið. Segir þar, að ekki hafi verið breitt plast yfir lestargólfid og vængir milli-þilfars hafi ekki verið kalkþvegnir.

Afskipandi heimilar þó lestun, en til þess var hann ekki skuldbundinn skv. 15. gr. tímabundna farmsamningsins, eins og segir hér að ofan.

Gagnvart stefnanda ræður stefndi afskipanda og útvegar skip til flutninganna. Hann þykir því gagnvart honum bera ábyrgð á mistökum þeirra, sem hann fær til að efna samning sinn við hann, en ómótmælt er, að mengun saltsins megi rekja til vanbúnaðar skipsins, sem notað var til flutnings þess. Vanbúnaður skipsins verður þannig orsök þess, að saltið hefur ekki þá eiginleika, sem telja verður, að áskildir væru.

Stefndi mótmælir ekki, að saltið hafi guluskemmt fiskinn. Þá var guluskemmdur fiskur flokkaður úr undir eftirliti matsmanns. Guluskemmdir eru almennt til þess fallnar að rýra verðgildi saltfisks, og eru þannig líkur fyrir tjóni stefnanda af þeim sökum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að svo hafi ekki verið í þetta sinn. Samkvæmt ráðleggingum Rannsóknastofn-

unar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða var reynt að draga úr tjóninu og stefnda gefið tækifæri á að segja skoðun sína á þeim aðgerðum. Hann taldi ekki ástæðu til þess. Hann hefur heldur ekki sýnt fram á, að þær hafi ekki verið hæfilegar og komið að notum.

Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sbr. einnig dómskj. 30-33, og að ráðstafanir hans til að draga úr tjóninu hafi verið hæfilegar.

Stefndi mótmælir ekki tölulega útreikningi stefnanda á tjóninu, eins og hann er nú settur fram. Þykir því mega miða við útreikninginn.

Það þykir ekki þurfa að taka tillit til þess hér, að stefnandi lét fyrirfarast að láta efnagreina sýni þau, sem tekin voru af saltinu við uppskipun á Bakkafirði, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnendur hafi haft sérstaka ástæðu til að efast um gæði saltsins. Þá höfðu þeir enga aðstöðu til efnagreiningar hjá sér.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda stefnufjárhæðina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og henni er í hóf stillt, og þykir því mega taka hana til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 1.500.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Óskari Mariússyni efna-  
verkfræðingi.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Útveri h/f, kr. 8.701.700 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980, með dómvöxtum sbr. l. nr. 56/1979, frá 11. 1. 1980 til greiðsludags (43.5% ársvöxtum frá 11. 1. 1980 til 1. júní 1980, en 46% frá 1. 6. 1980) og málskostnað, kr. 1.500.000, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagri aðför að lögum.